# Föstudagur 27. janúar

## Sjónvarpið

18.00 **Gosi (5).** Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa.
18.25 **Líf í nýju ljósi (25).** Franskur teiknimyndaflokkur um mannslíkamann, eftir **Albert Barrillé.**
**18.50 Táknmálsfréttir.**
18.55 **Austurbæingar.** Þrettándi þáttur. Breskur myndaflokkur í léttum dúr.
19.25 **Búrabyggð (8).** Breskur teiknimyndaflokkur úr smiðju Jims Henson.
19.55 **Ævintýri Tinna** Ferðin til tunglsins (5)

20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Libba og Tibba** Litið verður á næturlíf unglinga og fjallað verður um kynlíf frá ýmsum sjónarhornum. Einnig verður rætt við Bubba Morthens. Umsjón Árni Gunnarsson, Þórður Erlingsson og Sigurður Jónasson.
21.00 **Handknattleikur** Ísland-Tékkóslóvakía. Bein útsending úr Laugardalshöll frá síðari hálfleik liðanna.
21.35 **Derrick.** Þýskur sakamálamyndaflokkur með Derrick lögregluforingja.
22.35 **Fornar ástir** (The Lady From Yesterday). Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1986. Leikstjóri Robert Day. Aðalhlutverk Wayne Rogers, Bonnie Bedelia, Pat Hingle og Tina Chen. Velstæður bandarískur kaupsýslumaður kemst í hann krapppann þegar víetnömsk kona birtist í heimabæ hans með son sinn með sér og segir hann vera föðurinn.
00.10 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## Stöð 2

15.45 **Santa Barbara** Bandarískur framhaldsþáttur.
16.35 **Algjörir byrjendur** Absolute Beginners. Bráðfjörug unglingamynd með vinsælli tónlist. Aðalhlutverk: David Bowie, James Fox, Patsy Kensit, Eddie O'Connell, Sade Adu og Steven Berkoff.
18.20 **Pepsi popp** Íslenskur tónlistarþáttur þar sem sýnd verða nýjustu myndböndin, fluttar ferskar fréttir úr tónlistarheiminum, viðtöl, getraunir, leikir og alls kyns uppákomur.
19.19 **19.19** Frétta- og fréttaskýringaþáttur ásamt umfjöllun um þau málefni sem ofarlega eru á baugi.
20.30 **Í helgan stein** Léttur gamanmyndaflokkur um fullorðin hjón sem setjast í helgan stein. Aðalhlutverk: Paul Dooley, Phyllis Newman og Alan Young.
20.55 **Ohara** Litli, snarpi lögregluþjónninn og gæðablóðin hans koma mönnum í hendur réttvísinnar þrátt fyrir sérstakar aðfarir. Aðalhlutverk: Pat Morita, Kevin Conroy, Jack Wallace, Catherine Keener og Richard Yniguez.
21.45 **Uppljóstrarinn mikli** The Supergrass. Fyrsta flokks grínmynd um sakleysingjann Dennis sem er nýkominn úr sumarleyfi með móður sinni. Aðalhlutverk: Adrian Edmondson, Jennifer Saunders og Peter Richardson.
23.15 **Skarkárinn** The Entity. myndin er byggð á sannsögulegum atburðum um konu sem er tekin með valdi af stórri ósýnilegri veru. Henni gengur erfiðlega að sanna mál sitt og sýnist sitt hverjum um sögu hennar. Aðalhlutverk: Barbara Hershey, Ron Silver og David Labiosa. Alls ekki við hæfi barna.
01.05 **Á refilstigum** Straight Time. Dustin Hoffman í hlutverki fyrrverandi tukthúslims sem reynir að hefja nýtt heiðarlegt líf. Aðalhlutverk: Dustin Hoffman, Theresa Russell, Gary Busey og Harry Dean Stanton. Alls ekki við hæfi barna.
03:00 **Dagskrárlok**

## SKY CHANNEL

5.30 **Viðskipti í Evrópu.**
6.00 **Góðan daginn, Norðurlönd.** Morgunþáttur í umsjá Norðurlandabúa.
7.00 **Þáttur D.J. Kat.** Barnaefni og tónlist.
8.00 **Denni dæmalausi.** Gamanþáttur.
8.30 **Pound Puppies.** Teiknimynd.
9.00 **40 vinsælustu.** Breski listinn.
10.00 **Soul í borginni.** Popptónlist
11.00 **Evrópulistinn.** Popptónlist.
12.00 **Önnur veröld.** Bandarísk sápuópera.
13.00 **Borgarljós.** Viðtöl við frægt fólk.
13.30 **Thailand.** Ferðaþáttur.
14.00 **Ritters Cove.** Ævintýramynd.
14.30 **Journey To The Center Of The Earth.** Teiknimynd.
15.00 **Niðurtalning.** Vinsældalistapopp.
16.00 **Þáttur D.J. Kat.** Barnaefni og tónlist.
17.00 **Flying Kiwi.** Ævintýraþáttur.

17.30 **Mig dreymir um Jeannie.**
18.00 **The Ghost And Mrs. Muir.** Gamanþáttur.
18.30 **Köngulóarmaðurinn.** Ævintýraþáttur.
19.30 **Tíska.**
20.00 **Mark Of The Devil.** Kvikmynd frá 1984.
21.30 **Ameríski fótboltinn.** 22.30 **Niðurtalning.** Poppþáttur.
23.00 **Poppþáttur.** Kanadískur þáttur.
24.00 **Fat Tuesday And All That Jazz**
1.00 **Cleo Laine og John Dankworth.**
1.50 **Jazz With Richie Cole.**
3.00 **Tónlist og landslag.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Jónas Gíslason flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Ingveldi Ólafsdóttur.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn.** Guðni Kolbeinsson les sögu sína, „Mömmustrákur". (3)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Kviksjá** – finnskar nútímabókmenntir. Umsjón: Timo Karlsson. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudagskvöldi.)
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Maðurinn á bak við bæjarfulltrúann.** Umsjón: Erna Indriðadóttir. (Frá Akureyri.)
11.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
11.05 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti nk. þriðjudag.)
11.55 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.00 **„Af fingrum fram."** Magnús Blöndal Jóhannsson leikur syrpu af þekktum lögum. (Hljóðritun Útvarpsins.)
13.35 **Miðdegissagan, Blóðbrúðkaup eftir Yann Queffeléc.** Þýðandi Guðrún Finnbogadóttir.
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Samantekt** – Evrópubúinn. Umsjón: Guðrún Eyjólfsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá miðvikudagskvöldi.)
15.45 **Þingfréttir.**
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin, dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – símatími Barnaútvarpsins. Kristín Helgadóttir ræðir við börn um það sem þeim liggur á hjarta.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Albeniz, Grieg og Adam.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Þingmál.** Umsjón: Arnar Páll Hauksson. (Einnig útvarpað næsta morgun kl. 9.45.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.33 **Kviksjá.** Þáttur um menningarmál. Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn.** (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Hljómplöturabb** Þorsteins Hannessonar.
21.00 **Kvöldvaka.** a. Þáttur af Rifs-Jóku. Helga K. Einarsdóttir les fyrri hluta frásögu Benjamíns Sigvaldasonar. b. Ingveldur Hjaltested syngur íslensk þjóðlög og lög eftir Þórarin Guðmundsson. Jónína Gísladóttir leikur með á píanó. c. Viðburðasögur Kristinn Kristmundsson les úr þjóðsögum Jóns Árnasonar. d. Elín Ósk Óskarsdóttir syngur lög eftir Sigfús Einarsson, Ólafur Vignir Albertsson leikur með á píanó. Umsjón: Gunnar Stefánsson
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Lestur Passíusálma.** Guðrún Ægisdóttir les 5. sálm.
22.30 **Danslög.**
23.00 **Í kvöldkyrru.** Þáttur í umsjá Jónasar Jónassonar.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Tónlistarmaður vikunnar** – Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari. Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir.
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## Rás 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Ólöf Rún Skúladóttir hefja daginn með hlustendum, spyrja tíðinda víða um land, tala við fólk í fréttum og fjalla um málefni líðandi stundar. Jón Örn Marinósson segir sögur frá Ódáinsvöllum kl. 7.45. Veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Viðbit.** – Þröstur Emilsson. (Frá Akureyri.)
10.05 **Morgunsyrpa** Evu Ásrúnar Albertsdóttur og Óskars Páls Sveinssonar.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Í Undralandi** með Lísu Páls.
14.00 **Á milli mála.** – Eva Ásrún Albertsdóttir og Óskar Páll Sveinsson.
16.03 **Dagskrá.** Stefán Jón Hafstein, Sigríður Einarsdóttir og Ævar Kjartansson bregða upp mynd af mannlífi til sjávar og sveita og því sem hæst ber heima og erlendis. Kaffispjall upp úr kl. 16.00, „orð í eyra" kl. 16.45 og „Þjóðarsálin" kl. 18.03. Arthúr Björgvin Bollason hringir frá Þýskalandi og Illugi Jökulsson spjallar við bændur á sjötta tímanum. Ódáinsvallasaga endurtekin frá morgni kl. 18.45.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.33 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Vinsældalisti rásar 2.** Stefán Hilmarsson kynnir tíu vinsælustu lögin. (Einnig útvarpað á sunnudag kl. 15.00.)
21.30 **FRÆÐSLUVARP:** Lærum þýsku. Þýskukennsla fyrir byrjendur á vegum Fjarkennslunefndar og Bréfaskólans.
22.07 **Snúningur.** Stefán Hilmarsson ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
02.05 **Rokk og nýbylgja.** Þorsteinn J. Vilhjálmsson kynnir.
03.00 **Vökulögin.** Lög af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Austurlands.**

## FM 98,9 Bylgjan

7.30 **Páll Þorsteinsson.** Tónlist sem gott er að byrja daginn með, fregnir af veðri og færð. Fréttir kl. 8. Potturinn kl. 9.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Föstudagstónlist. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Bibba kemur með Halldór milli kl. 11 og 12.
14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Föstudagsskapið allsráðandi á Bylgjunni, óskalagasíminn er 61 11 11. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Halldór á sínum stað.
18.00 **Fréttir.**
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.**
20.00 **Íslenski listinn.** Ólöf Marín kynnir 40 vinsælustu lög vikunnar.
22.00 **Þorsteinn Ásgeirsson á næturvakt.**
2.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Egg og beikon.** Morgunþáttur Þorgeirs og fréttastofunnar, viðtöl, fólk og góð tónlist. Stjörnufréttir klukkan 8.
9.00 **Níu til fimm.** Lögin við vinnuna, lítt trufluð af tali. Umsjón Gyða Dröfn Tryggvadóttir og Bjarni Haukur Þórsson. Stjörnufréttir klukkan 10, 12, 14 og 16.
17.00 **Ís og eldur.** Þorgeir Ástvaldsson og Gísli Kristjánsson, tal og tónlist. Stjörnufréttir klukkan 18.
18.00 **Bæjarins besta.** Kvöldtónlist til að hafa með húsverkunum og eftirvinnunni.
21.00 **Næturvaktin.** Danslög, slagarar og ballöður til að þóknast hressu fólki. Óskalaga- og kveðjusími 681900.

## Hljóðbylgjan
### Reykjavík FM 95,7
### Akureyri FM 101,8

7.00 **Réttum megin fram úr.** Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.
9.00 **Morgungull.** Hafdís Eygló Jónsdóttir á seinni hluta morgunvaktar, spilar tónlist við allra hæfi og segir frá ýmsum merkilegum hlutum. Afmæliskveðju- og óskalagasímarnir eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Perlur og pastaréttir.** Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og lítur m.a. í dagbók og slúðurblöð. Símanúmerin fyrir óskalög og afmæliskveðjur eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
17.00 **Síðdegi í lagi.** Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þráins Brjánssonar.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Jóhann Jóhannsson** í sínu sérstaka föstudagsskapi. Jóhann spilar föstudagstónlist eins og hún gerist best.
24.00 **Næturvakt Hljóðbylgjunnar.** Þær gerast ekki betri.
4.00 **Ókynnt tónlist til morguns.**

## Útrás

16.00 **FB.**
18.00 **MR.**
20.00 **MS.**
22.00 **FÁ.**
24.00 **Næturvakt.**
4.00 **Dagskrárlok.**

## Alfa FM 102,9

10.00 **Morgunstund.** Guðs orð og bæn.
10.30 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
15.00 **Í miðri viku.** Endurtekið frá miðvikudagskvöldi.
17.00 **Orð trúarinnar.** Blandaður þáttur með tónlist, u.þ.b. hálftímakennslu úr orðinu og e.t.v. spjalli eða viðtölum. Umsjón: Halldór Lárusson og Jón Þór Eyjólfsson. Endurfl. nk. mánudag.
19.00 **Alfa með erindi til þín,** frh.
20.00 **Inn úr ösinni.** Endurtekið frá miðvikudegi.
22.00 **KÁ-lykillinn.** Blandaður tónlistarþáttur með plötu þáttarins. Orð og bæn um miðnætti. Umsjón: Ágúst Magnússon.
0.20 **Dagskrárlok.**

## Rót Útvarp FM 106,8

13.00 **Tónlist.**
14.00 **Elds er þörf.** Vinstrisósíalistar. E.
15.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök E.
16.00 **Frá vímu til veruleika.** Krýsuvíkursamtökin. E.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Í hreinskilni sagt.** Pétur Guðjónsson.
18.00 **Samtökin '78. E.**
**19.00 Opið.**
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur í umsjá Gullu.
21.00 **Barnatími.**
21.30 **Uppáhaldslögin.**
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt til morguns með Baldri Bragasyni.**

## Útvarp Hafnarfjörður FM 91.7

18.00–19.00 **Hafnarfjörður í helgarbyrjun.** Leikin létt tónlist og sagt frá menningar- og félagslífi á komandi helgi.
22.00–24.00 **Útvarpsklúbbur Flensborgarskóla** lætur gamminn geisa.

## Ólund Akureyri

17.00 **Um að vera um helgina.** Hlynur Hallsson. Í þættinum eru tíundaðir helstu viðburðir helgarinnar í listum, menningu, skemmtunum og fleiru. Fólk kemur í tal.
19.00 **Peysan.** Snorri Halldórsson. Tónlist af öllum toga og fleira.
20.00 **Gatið.**
21.00 **Fregnir.** 30 mínútna fréttaþáttur. Hvað ætlar fólk að gera um helgina? Viðtöl.
21.30 **Samræður X. þáttur.** Umsjón Sigurður Magnason.
23.00 **Grautarpotturinn.** Ármann Kolbeinsson og Magnús Geir Guðmundsson blúsa og rokka. Móri kvöldsins skýtur upp kollinum.
01.00 **Næturlög.** Næturvakt Ólundar.

### Sjónvarp kl. 22.35:

# Fornar ástir


Craig vissi ekki að hann átti son í Víetnam.

Fyrir kaupsýslumanninn frá Houston er Víetnam meira en minningin ein. Í þessari mynd er Craig Weston (Wayne Rogers) fyrrverandi hermaður úr þessu stríði. Skyndilega birtist á sjónarsviðinu víetnömsk kona sem hann hafði átt í ástarsambandi við. Þessi kona hafði haldið því leyndu fyrir Craig öll þessi ár að afrakstur sambands þeirra var myndarlegur sonur – þetta var af tillitsemi við hjónaband Craigs. En þegar sonurinn er úrskurðaður með langvarandi sjúkdóm freistar móðirin þess að koma til Bandaríkjanna. Hún leitar föðurins í von um að hann veiti henni aðstoð og taki drenginn að sér.

Lien Van Huyen (Tina Chen) og Craig hittast nokkrum sinnum á laun til að ræða framtíð sonarins. Mágkona Craigs kemst á snoðir um hvers kyns er og bráðlega veit tengdapabbi (vinnuveitandi Craigs) líka af öllu saman og hefur í hótunum. Kvikmyndahandbókin telur þessa kvikmynd vera í meðallagi.

-ÓTT


Eitt sinn ætlaði maður nokkur að vekja athygli stúlku á sér með því að þykjast vera eiturlyfjasmyglari – skyldi hún hafa fallið í stafi út af uppátækinu?

### Stöð 2 kl. 21.45:

# Uppljóstrarinn mikli

Á eftir löggunni Ohara kemur grínmynd. Hún fjallar um Dennis, eina af þessum saklausu en seinheppnu persónum. Hann er nýkominn úr sumarleyfi með mömmu sinni. Síðan tekur karlkynið til við að láta hitt kynið fá áhuga á sér. Það gerir Dennis með því að þykjast vera eiturlyfjasmyglari – hann setur af stað ansi vafasama atburðarás. Þetta verður til þess að hann kemst í klær lögreglunnar. Síðan leiða atburðir til þess að Dennis er látinn í gervi auðkýfings og eyðsluseggs og lögreglan ætlast til að hann aðstoði við að koma henni á sporið við að finna heilan eiturlyfjahring.

Það er breski leikhópurinn Comic Strip sem á heiðurinn af þessari mynd – í hópnum eru margir bestu gamanleikarar Breta.

-ÓTT

### Rás 1 kl. 20.15:

# Hljómplöturabb

Í rabbi sínu um hljómplötur í kvöld mun Þorsteinn Hannesson m.a. kynna söngkonuna Illeana Kotrubas sem syngur á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands þann 9. febrúar nk. Þarna mun Þorsteinn bregða nokkuð út af vana sínum þar sem hann er vanur að kynna söngvara af eldri kynslóðinnni sem lítið eru „leiknir" eða þekktir.

Aðspurður segist Þorsteinn ekki muna nákvæmlega hve lengi hann hefur annast þættina um hljómplöturabb en a.m.k. munu vera um 20 ár síðan þeir hófust.

-ÓTT


Þorsteinn Hannesson hefur haft umsjón með hljómplöturabbi í um 20 ár.